

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. október 2012

Tilvísun: 201209-0077/0.03.02

Umsögn um frumvarp til efnalaga, þingskjal 88 — 88. mál.

Vísað er til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um ofangreint frumvarp sem barst í tölvupósti, dags. 27. september 2012.

Inngangur

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með notkun og meðferð efna á vinnustöðum (þar á meðal merkingum), sbr. VIII. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra og einnig fleiri laga svo sem vopnalaga nr. 16/1998. Má þar nefna:

- reglugerð nr. 553/2004 um verndum starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum,
- reglur nr. 98/2002 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini og stökkbreytingum á vinnustöðum,
- reglur nr. 964/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 565/2009 um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem notaðar eru utan vega,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi (ákvæði um menntun og réttindi),
- reglugerð nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni,
- reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa (þ.á.m. vegna efnanotkunar),
- reglur nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa (þ.á.m. vegna efnanotkunar).

Einnig ber að geta þess að skv. XI. kafla laga nr. 46/1980 þá ber öllum fyrirtækjum/atvinnurekendum á landinu að gera áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem skal m.a. fela í sér mat á áhættu af völdum efna og efnablandna og áætlun um

heilsuvernd vegna þeirra og hefur Vinnueftirlitið eftirlit með því að slíkar áætlanir séu gerðar. Nánar er kveðið á um þetta í reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þar eru m.a. ákvæði um starf öryggisnefnda, öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna starfsmanna, en þessir aðilar fjalla m.a. um efnaöryggi á þeirra vinnustöðum og eiga um slík málefni sem önnur samskipti við Vinnueftirlitið sem opinberan eftirlitsaðila.

Vinnueftirlitin innan EES/ESB hafa eftirlit með notkun og meðferð efna á vinnustöðum og breyttist það ekki með tilkomu REACH reglugerðarinnar. Slíkt er í samræmi við rammatilskipun ESB um vinnuvernd nr. 89/391/EEC og alþjóðlegar skuldbindingum skv. samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO).

Þegar REACH reglugerðin var innleidd hér á landi með lögum nr. 45/2008 um efni og efnaþöndur var ekki gerð breyting á þessu fyrirkomulagi enda eru í meginatriðum skýr verkaskipti milli Vinnueftirlitsins og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Vinnueftirlitið hefur ávallt leitast við að hafa gott samstarf og skýra verkaskiptingu milli sín og annarra eftirlitsstjórnvalda svo sem Siglingastofnunar, Mannvirkjastofnunar, Neytendastofu og heilbrigðisnefnda þannig að ekki verði um tvíverknað að ræða né óþarfa byrði fyrir þau fyrirtæki sem haft er eftirlit með.

Hjá Vinnueftirlitinu starfa vel menntaðir og reyndir sérfræðingar og eftirlitsmenn og stofnunin tekur þátt í þróun og samræmingu eftirlits innan EES/ESB og á vettvangi efnaöryggisnefndar OECD.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (6. gr.)

Nokkuð samráð var haft við Vinnueftirlitið við samningu frumvarpsins og fékk stofnunin drög umhverfisráðuneytis til umsagnar með bréfi dags. 20. febrúar 2012. Þar kom fram í 2. tölul. 6. gr. að hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sé að „*hafa eftirlit með þeim starfsleyfum sem nefndin gefur út á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*“. Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við þetta ákvæði í umsögn sinni dags. 7. mars 2012. Í meðferð ráðuneytisins hefur frumvarpið tekið veigamiklum breytingum og er nú kveðið á um það í 2. tölul. 6. gr. að hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sé að „*hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir*“. Vinnueftirlitið hefur slíkt eftirlit með höndum á öllum vinnustöðum á landi (siglingamál og loftferðir undanskildar) samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eins og áður greinir. Með því að greina hluta eftirlits með öryggi og hollustuháttum á vinnustað frá öðru vinnueftirliti væri verið að koma á fót tvöföldu eftirlitskerfi, með öllum þeim óþarfa kostnaði og óhagræði sem slíku fylgir, þar sem heilbrigðisnefndum sveitarfélaga væri falið slíkt eftirlit a.m.k. að hluta til í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum. Þetta eftirlit væri jafnframt slitið úr tengslum við heildstætt eftirlit með innra vinnuverndarstarf fyrirtækja sem Vinnueftirlitið hefur með höndum og leiðbeinir fyrirtækjum við að koma á fót.

Það er jafnframt mat Vinnueftirlitsins að það gæti talist brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands að fela stjórnvöldum á sveitarstjórnarstigi vinnueftirlit, m.a. eftirlit

með notkun og meðferð efna á vinnustöðum, sbr. t.d. 4. gr. alþjóðasamþykktar ILO um vinnueftirlit (C-81).

Af ofangreindum ástæðum gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á 6. gr. frumvarps til efnalaga:

Í stað 2. tölul. kemur nýr 2. tölul. svohljóðandi: *hafa eftirlit með þeim starfsleyfum sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins (7. gr.)

Vinnueftirlitið hefur nú eftirlit með notkun og meðferð efna á vinnustöðum á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Til að tryggja að engar glufur séu á eftirliti með frumvarpi til efnalaga í fyrirtækum/á vinnustöðum þá gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breyting verði á 7. gr. frumvarpsins:

Í stað 2. tölul. kemur nýr 2. tölul. svohljóðandi: *hafa eftirlit með því að notkun, meðferð og merking efna á vinnustöðum sé í samræmi við lög þessi og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.*

Breytingar á öðrum lögum (69. gr.)

Eins og áður hefur komið fram í þessari umsögn þá gerir Vinnueftirlitið alvarlegar athugasemdir við það að heilbrigðisnefndum sé falið eftirlit með notkun, meðferð og merkingu efna á hluta vinnustaða í landinu, en slíkt eftirlit er eðlilegur og alþjóðlega viðurkenndur hluti vinnueftirlits. Því gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breyting verði á 69. gr. frumvarps til efnalaga:

a. liður 1. tölul. 69. gr. laganna fellur brott.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu, en er að sjálfsögðu reiðubúið að senda fulltrúa sína til umfjöllunar um málið í háttvirtri þingnefnd.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins

Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri

Björn Þór Rögnvaldsson
lögfræðingur